

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/96****2022/EES/47/30****frá 25. janúar 2022****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1859 um reglur um beitingu 10. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 að því er varðar öflun tiltekinna gagna (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 frá 20. júní 2019 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir ný, þung ökutæki og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 595/2009 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 og tilskipun ráðsins 96/53/EB ⁽¹⁾, einkum 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvæði 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1859 ⁽²⁾ skuldbindur framleiðendur, að því er varðar ný þung ökutæki, til að vakta og senda skrá með gildum sem eru aðskilin með kommu með sama heiti og vinnuskráin ásamt skráargerðinni .vsom sem inniheldur uppsafnaðar niðurstöður hvers notkunarviðs hermunar og skilyrði fyrir farmþunga sem hermitólið, sem um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 ⁽³⁾, skilar af sér í myndrænni útgáfu notendaviðmóts síns („sum exec-gagnaskrá“).
- 2) Sú skuldbinding hefur verið færð til með tímanum, að því er varðar dagsetningu hermunar ökutækja, þar sem fresturinn til að gefa skýrslu um fyrstu dagsetningar hermunar (á bilinu 1. janúar 2019 til 30. september 2019) var síðari skýrslugjafardagur af tveimur sem ákvarðaðir voru með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1859 til að taka tillit til þeirrar staðreyndar að framleiðendur kynnu, af ástæðum sem voru utan ábyrgðarsviðs þeirra, að þurfa að endurtaka hermun ökutækja sem falla undir þá lotu.
- 3) Mat á þeim gögnum sem aflað var á fyrsta skýrslutímabilinu, með frest til 30. september 2020, hefur í millitíðinni staðfest að greiningin, sem byggðist á fyrstu lotu af sum exec-gagnaskráum sem fengnar voru skv. a-lið 2. mgr. 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1859, skilar stöðugum niðurstöðum. Af þessum sökum er ekki lengur nauðsynlegt að skuldbinda framleiðendur til að gefa skýrslu um gögnin, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1859, og fella ætti þann lið brott.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 17, 26.1.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 198/2022 frá 10. Júní 2022 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 198, 25.7. 2019, bls. 202.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1859 frá 6. nóvember 2019 um reglur um beitingu 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 að því er varðar öflun tiltekinna gagna (Stjttíð. ESB L 286, 7.11.2019, bls. 10).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 frá 12. desember 2017 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar ákvörðun koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar þungra ökutækja og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB og á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 (Stjttíð. ESB L 349, 29.12.2017, bls. 1).

- 4) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1859 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1859

Ákvæði b-liðar 2. mgr. 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1859 falla brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. janúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
